



mánudagur, 25. nóvember 2019

## Innkauparáð

**Málefni:** Óskað er eftir samþykki innkauparáðs fyrir því að ganga til samningskaupa við Arkís arkitekta og ASK arkitekta á grundvelli b.-liðar 1. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. b.lið 1. mgr. 26. gr. innkaupareglna.

Verkefnið snýr að deiliskipulagsvinnu sem unnin er á grundvelli og í kjölfar hugmyndasamkeppni sem haldin var um rammaskipulag fyrir Elliðaárvog, Ártúnshöfða árið 2016 þar sem Arkís arkitekta, Landslag ehf og Verkís verkfræðistofa urðu hlutskörpust. Vegna umfangs skipulagssvæðisins þá hefur sl. Zár einnig verið leitað til ASK arkitekta og Arkþing arkitekta á fyrri stigum verkefnisins við frekari útfærslu rammaskipulags og undirbúning að gerð deiliskipulags.

**Þekking:** Umrædd ráðgjafateymi búa yfir mikilli og verðmætri sérþekkingu á ofangreindu skipulagssvæði sem þau hafa byggt um með samkeppnisþátttöku, gagnaöflun og undirbúningi verkefnisins um langt skeið sem kynnu að glatast ef skipt verður um ráðgjafahóp. Ef leita þarf til annarra aðila skapast mikið óhagræði og verðmætur tími tapast en markmið borgarinnar er að ljúka við gerð deiliskipulags fyrir stóran hluta svæðisins nk. vor.

**Viljayfirlýsing:** Skipulag svæðisins er unnið í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu á grundvelli viljayfirlýsingar sem samþykkt var í borgarráði 7. júní 2017 og fullnaðarsamkomulags samþykkt í borgarráði dags. 20.júní 2019 Sjá fylgiskjal. Í viljayfirlýsingu og samningum er jafnframt getið á um kostnaðarskiptingu á milli aðila þ.m.t. kostnað við ráðgjafavinnu.

**Nánar um verkefnið:** Deiliskipulagsáfangi þessi er hluti af því svæði sem rammaskipulag Elliðaárvogs-Ártúnshöfða nær yfir. Svæði rammaskipulags „Elliðaárvogs/Ártúnshöfða“ afmarkast af Miklubraut/Vesturlandsvegi til suðurs Elliðaárvogi til vesturs, Grafarvogi til norðurs og Gullinbrú til austurs. Gert er ráð fyrir um 3000 nýjum íbúðum í fyrstu áföngum skipulags á svæðinu samkvæmt rammaskipulagi auk tveggja skóla. Við vinnu skipulagsins þarf jafnframt að huga vel að samþættingu deiliskipulags við rammaskipulag og nálæga deiliskipulagsáfanga sem unnir verða samhliða. Í því samhengi þarf sérstaklega að skoða heildarmynd byggðamynsturs, gatna- og samgöngukerfi og ofanvatnslausnir. Deiliskipulagstillagan verður unnin í samræmi við áherslur rammaskipulags og Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og skipulags- og matslýsingu umhverfis- og skipulagssviðs.

Áætluð samningsupphæð er kr. 18.000.000 kr. án vsk. á hvort ráðgjafateymi.

Virðingarfyllst

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi